



Reykjavík, 12. maí 2025
VEL25030059

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um endurnýjun þjónustusamnings við Stígamót

Á fundi velferðarráðs þann 7. maí 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um endurnýjun þjónustusamnings við Stígamót, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Stígamót til loka árs 2027. Kostnaður við samninginn, sem er 12,7 m.kr. á ári á samningstímanum, rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Sósíalistaflokks Íslands lögðu fram svohljóðandi bókun:

Til fjölda ára hefur Reykjavíkurborg gert samning við Stígamót um veitingu þjónustu í formi ráðgjafar til þolenda, fræðslu til starfsfólks og samráð um málaflökkinn. Velferðarráð telur slíka þjónustu og úrræði nauðsynlegt til stuðnings fólki sem leita sér aðstoðar vegna kynbundins ofbeldis. Markmið samningsins er m.a. áframhald stuðnings við þolendur kynferðisofbeldis, að tryggja nútímalega, virka fræðslu um málaflökkinn með notendur og forsendur þeirra til hliðsjónar. Samningurinn stuðlar að því að Reykjavíkurborg vinni bæði gegn kynferðisofbeldi og eftir þeirri hugmyndafræði að kynferðisofbeldi verði ekki liðið.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir

Skrifstofustjóri skrifstofu stjórnarsýslu

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um endurnýjun þjónustusamnings við Stígamót, lögð fram á fundi velferðarráðs 7. maí 2025.

Drög að samningi Reykjavíkurborgar og Stígamóta um þjónustu við Reykvíkinga sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi, maí 2025.

Jafnréttisskimun vegna þjónustusamnings við Stígamót.



Reykjavík



Reykjavík, 5. maí 2025

VEL25030059

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Endurnýjun þjónustusamnings við Stígamót*

Lagt er til að velferðarráð samþykki meðfylgjandi drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Stígamót til loka árs 2027. Kostnaður við samninginn, sem er 12,7 m.kr. á ári á samningstímanum, rúmast innan fjárheimilda velferðarsviðs.

Greinargerð:

Á fundi velferðarráðs þann 1. febrúar 2023 voru lögð fram til kynningar drög að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Stígamót til loka árs 2024. Borgarráð staðfesti samninginn á fundi sínum þann 9. mars 2023.

Reykjavíkurborg hefur til langs tíma stutt við mikilvæga starfsemi Stígamóta. Í lok árs 2024 rann út þágildandi samningur við Stígamót, að upphæð kr.11.880.000 á ári.

Samkvæmt ársskýrslu Stígamóta árið 2024 leituðu 707 einstaklingar til Stígamóta, en 52,4% þeirra bjuggu í Reykjavík. Flestir úr þeim hópi nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi þeirra sjálfshjálparhópa sem Stígamót stendur fyrir. Fjölmennasti hópur þeirra sem leita til Stígamóta eru konur, eða 83,2%, karlar eru 15% og kynsegin 1,8%. Íslendingar voru 88,6% hópsins, af blönduðu þjóðerni voru 2,2% og frá öðrum löndum 9,2%.

Stígamót rekur öfluga ráðgjafarþjónustu fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Í meðfylgjandi drögum að þjónustusamningi kemur fram að markmið samningsins er að styðja þolendur kynferðisofbeldis og fræða starfsfólk Reykjavíkurborgar um kynferðisofbeldi. Stígamót munu halda úti ráðgjöf til brotaþola kynbundins- og kynferðisofbeldis þeim að kostnaðarlausu. Veittur er stuðningur og ráðgjöf, tækifæri til þátttöku í hópastarfi og símaþjónusta. Markmið ráðgjafar er að auka lífsgæði þeirra einstaklinga sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi með sjálfsstyrkingu og úrvinnslu afleiðinga ofbeldis. Markmið fræðslu Stígamóta til starfsfólks Reykjavíkurborgar er að bæta þekkingu þeirra um kynferðisofbeldi og auka hæfni þeirra sem koma að málaflokknum, sem og að fræða starfsfólk um vændi og leiðir til að aðstoða fólk sem vill komast úr vændi. Í samningnum kemur einnig fram að samstarf verði á milli Stígamóta og velferðarsviðs um fræðslu og umræður um vændi og leiðir til að aðstoða einstaklinga sem vilja komast úr því.

Á heimasíðu Stígamóta er eftirfarandi skilgreining á vændi og til hliðsjónar er skilgreining á vændi samkvæmt íslenskum lögum: „Kaup á vændi eru ólögleg en ekki sala á vændi. Kaup á vændi eru talin gróf valdbeiting, þar sem valdastaða þess sem kaupir vændi eða hefur milligöngu um það er í stöðu hins sterka. Einstaklingur sem kaupir vændi er í raun



Reykjavík



að nýta sér neyð þess sem selur. Afleiðingar vændis eru mjög svipaðar og hjá öðrum brotapolum kynferðisofbeldis. Brotin sjálfsmýnd, sjálfsfyrirlitning, sjálfsásakanir, þunglyndi, skömm og sjálfvígshugleiðingar en tilraunir til sjálfsvíga eru algengari hjá brotapolum vændis en annars kynferðisofbeldis.“

Starfsfólk Stígamóta leggur áherslu á að nota það tungutak sem einstaklingar sem leita til þeirra nota, hvort sem um er að ræða vændi, kynlífsvinnu eða annað og mæta þeim á þeirra eigin forsendum.

Velferðarsvið hefur verið í samstarfi við Stígamót og fleiri aðila til að ræða um leiðir til að aðstoða fólk sem vill komast úr vændi og kynlífsvinnu. Í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024 var ein aðgerð sem fjallaði um að þróa úrræði fyrir fólk sem vill komast úr vændi. Í vinnu við þessa aðgerð var haft samband við hina ýmsu aðila og þá fyrst og fremst Stígamót, Vettvangs- og Ráðgjafateymi borgarinnar (VoR-teymi) sem sinnir þjónustu við heimilislausra með miklar og flóknar þjónustubarfir, Rauðu regnhlífinu ásamt því að skoðaðar voru innlendar og erlendar rannsóknir um vændi og kynlífsvinnu og leiðir til að komast úr þeim aðstæðum. Haldnir voru samráðsfundir þar sem rætt var um mikilvægi fræðslu um vændi og kynlífsvinnu, afleiðingar þess og skaða og að starfsfólk þekki vel til þeirra úrræða sem í boði eru fyrir einstaklinga í þessari stöðu. Einnig var rætt um mikilvægi skaðaminnkunar og meðvitund um sálrænar afleiðingar vændis. Rætt var m.a. um leiðir til að styrkja ráðgjafa á velferðarsviði í að ræða opinskátt um vændi og kynlífsvinnu.

Í nóvember 2022 var haldin fræðsla um vændi fyrir starfsfólk velferðarsviðs í samvinnu við Stígamót og VoR-teymis. Góð þátttaka var í fræðslunni. Ætlunin er að halda fræðslu um vændi fyrir starfsfólk velferðarsviðs árlega. Þann 14. maí verður einnig haldin fræðsla þar sem Stígamót verða með innlegg ásamt VoR-teymi borgarinnar, en umfjöllunarefnið verður skaðaminnkun og vændi meðal einstaklinga með fötlun.

Velferðarsvið hefur átt gott og mikilvægt samstarf við Stígamót sem m.a. lýtur að fræðslu og ráðgjöf. Stígamót hafa komið að umræðum um þróun úrræða fyrir fólk sem vill komast úr vændi og samstarf hefur verið um mansalsmál. Innan Stígamóta er starfandi sérstakt hópastarf fyrir einstaklinga sem eru eða hafa verið í vændi, svokallaður Svanahópur. Samstarf er á milli Stígamóta og skóla- og frístundasviðs (félagsmiðstöðva) vegna fræðslu- og forvarnarverkefnisins *Sjúk ást* sem er fyrir ungt fólk um kynbundið ofbeldi og áreitni.

Undanfarin tvö ár hefur verið töluvert samstarf við Stígamót o.fl. um að þróa úrræði fyrir fólk sem vill komast úr vændi og kynlífsvinnu. Samráð hefur verið haft við Bjarkarhlíð, Rauðu regnhlífinu o.fl. Fundur var m.a. haldinn með Rauðu regnhlífinni (samtök fólks í kynlífsvinnu).

Velferðarsvið hefur lagt áherslu á að byggja upp þekkingu og sérhæfingu um vændi meðal starfsfólks og verið er að innleiða að 1-2 starfsmenn í hverri miðstöð Reykjavíkurborgar öðlist sérfræðiþekkingu á málaflokknum. Samstarf er við Stígamót um þróun leiða til að aðstoða einstaklinga sem vilja komast úr vændi og verða tilnefndir fastir samstarfsaðilar við hverja miðstöð. Nú þegar hefur verið samstarf vegna tveggja einstaklinga sem hafa verið í Svanahóp Stígamóta. Samstarf sem felst í því að starfsmaður hópastarfsins fer með viðkomandi einstaklinga í fyrsta viðtal hjá ráðgjafa til að auðvelda viðkomandi einstaklingum að ná tengslum við ráðgjafa á miðstöð. Fram



Reykjavík



hefur komið í samtali við einstaklinga sem stunda vændi/kynlífsvinnu að stundum eigi þeir erfitt með að treysta ráðgjöfum fyrir stöðu sinni og/eða opna á samtal þar um.

Næsta haust mun velferðarsvið kalla til samstarfsvettvangs til að ræða um leiðir til að styðja við einstaklinga sem vilja komast úr vændi og skapa úrræði. Samstarfsaðilar verða m.a. Stígamót, Bjarkarhlíð, Rauða regnhlífin, VoR-teymið, háskólasamfélagið o.fl. Einnig verður skoðað að kalla til aðra aðila eins og VIRK, heilsugæsluna o.fl.

Starfsfólk Stígamóta er í samstarfi við háskólasamfélagið og m.a. um vændi. Einnig er samstarf við systursamtök á Norðurlöndunum og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi.

Varðandi eftirlit velferðarsviðs með samningum er óskað eftir að þjónustuveitendur skili inn skýrslum um þjónustuverkefnið, fjölda einstaklinga og hlutfall Reykvíkinga, kyn þeirra o.fl. og er það gert í formi ítarlegrar ársskýrslu. Velferðarsvið rýnir viðkomandi gögn og ef tilefni er til er unnt að framkvæma úttekt. Velferðarsvið hefur hingað til ekki gert formlega úttekt á þjónustusamningi við Stígamót en ekkert mælir gegn því að slík úttekt verði framkvæmd. Varðandi eðli og efni slíkra úttekta þá er það mótað í hvert og eitt skipti. Velferðarsvið hefur undanfarin ár ekki sett mælikvarða í þjónustusamninga þegar um almenna þjónustusamninga er að ræða sem varða þjónustu við Reykjavíkinga almennt. Öðru máli gegnir þegar um er að ræða þjónustu við ákveðinn hóp einstaklinga.

Stígamót eru í samvinnu við félagsvísindastofnun HÍ um vinnslu á gæðamati á þjónustu við einstaklinga sem leita til þeirra. Velferðarsvið verður upplýst um niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Fylgiskjöl:

Drög að þjónustusamningi milli Stígamóta og Reykjavíkurborgar tímabilið 2025-2027.

Jafnréttisskimun.



Reykjavík

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Borgartúni 12-14, Reykjavík, í samningi þessum nefnt þjónustukaupi og Stígamót kt. 620190-1449, Höfðabakka 9a, 110 Reykjavík, í samningi þessum nefnd þjónustusali, gera með sér svohljóðandi

S A M N I N G

um þjónustu við Reykvíkinga sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi.

1. gr.

Gildissvið

Samningur þessi varðar þjónustu við Reykvíkinga sem hafa verið beittir kynferðislegu ofbeldi. Stígamót eru grasrótarsamtök sem berjast gegn kynferðisofbeldi og veita aðstoð fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi. Starfsemin byggir á þeirri hugmyndafræði að þar er tekið mark á reynslu brotþola í kynferðisbrotamálum og er gengið út frá henni í öllu starfi. Hjá Stígamótum fer fram ráðgjöf, stuðningur, fræðsla og upplýsingagjöf til þolenda kynferðisbrota. Auk þess er lögð áhersla á fjölbreytta kynningarstarfsemi til stjórnvalda, samstarfsaðila og almennings.

Samningur þessi tekur til ráðgjafar við brotþola sem þjónustusali tekur að sér að framkvæma og sem miðar að því að styðja og styrkja þolendur kynferðisofbeldis. Einnig að veita starfsfólki þjónustukaupa fræðslu og upplýsingar um kynferðisofbeldi. Sjá nánari skilgreiningu á þjónustuverkefnum í 4. gr. samnings þessa.

2. gr.

Markmið samnings

Markmið með samningi þessum er að styðja við þolendur kynferðisofbeldis þar sem veittur er stuðningur og ráðgjöf, tækifæri til þátttöku í hópastarfi og símapjónusta. Einnig að auka lífsgæði þeirra einstaklinga sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi með sjálfsstyrkingu og úrvinnslu afleiðinga ofbeldis. Einnig að fræða þjónustukaupa um kynferðisofbeldi og afleiðingar þess.

Með samningi þessum stuðlar Reykjavíkurborg að því að vinna gegn kynferðisofbeldi og að vinna eftir þeirri hugmyndafræði að kynferðisofbeldi verði ekki liðið.

3. gr. Lagagrundvöllur

Þjónustan sem samið er um grundvallast á lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga með síðari breytingum.

Samningur þessi grundvallast á samþykkt velferðarráðs frá 30. apríl 2025.

Þjónusta sem þjónustusali tekur að sér að veita samkvæmt samningi þessum, skal unnin samkvæmt gildandi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Þjónustusali hefur gilt rekstrarleyfi á grundvelli laga nr. 88/2021 um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

4. gr. Skilgreining á þjónustu sem samið er um

Þjónustan sem samið er um og þjónustusali tekur að sér að veita er eftirfarandi:

- Að veita Reykvíkum sem beittir hafa verið kynferðislegu ofbeldi stuðning og ráðgjöf og efla lífsgæði þeirra með sjálfsstyrkingu og úrvinnslu afleiðinga ofbeldis.
- Að bjóða upp á einstaklingsviðtöl, tækifæri til að taka þátt í hópastarfi ásamt símaþjónustu til brotaþola þeim að kostnaðarlausu.
- Að bjóða upp á fræðslu fyrir starfsfólk þjónustukaupa þar sem markmiðið er að bæta þekkingu þeirra um kynferðisofbeldi og afleiðingum þess. Einnig að auka hæfni þeirra sem koma að málaflokknum.
- Samstarf á milli þjónustusala og þjónustukaupa varðandi fræðslu og umræður um vændi og leiðir til að aðstoða einstaklinga sem vilja komast úr vændi.

5. gr. Fjárhæðir og greiðslutilhögun

Þjónustukaupi greiðir þjónustusala samtals kr. 12.700.000 til ofangreindra verkefna ár hvert á samningstímanum og greiðist framangreind fjárhæð í tveimur jöfnum greiðslum í apríl og október ár hvert. Fyrsta greiðsla fer fram við undirritun samnings.

Samningsupphæð mun taka breytingum samkvæmt þeim verðlagsforsendum sem verða á fjárhagsramma velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um hver áramót. Fjárveitingar borgarinnar eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar á hverju ári. Feli fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar í sér hagræðingarkröfu til þjónustukaupa getur samningsfjárhæð samnings þessa tekið breytingum til lækkunar.

Þjónustusali ber alla faglega og rekstrarlega ábyrgð á framangreindri starfsemi og fjárhagsskuldbindingar þjónustusala eru þjónustukaupa óviðkomandi.

Komi upp sú staða á samningstímanum að þjónustusali fullnýti ekki fjármagn samkvæmt samningi þessum skal hann endurgreiða velferðarsviði Reykjavíkurborgar það fjármagn.

6. gr.
Samráð/samstarf

Samningsaðilar munu á samningstímanum vinna að því að gott og öflugt samstarf verði milli aðila varðandi aukna þjónustu við konur og börn sem búa við ofbeldi.

Aðilar skulu hafa með sér samráð á samningstímanum um verkefnin sem samið er um. Þjónustukaupi mun eiga stöðufund með þjónustusala um framkvæmd samningsins einu sinni á ári. Hvor samningsaðili fyrir sig getur óskað eftir auka stöðufundi ef þurfa þykir.

7. gr.
Skýrslur, eftirlit og árangur

Þjónustusali skal fyrir 1. október ár hvert, sem samningur þessi er í gildi, skila skýrslu um þjónustuverkefnið, s.s. um skrifstofu þjónustusala, umfang starfsins, verkefni, fjölda einstaklinga sem nýta sér þjónustu, mat á árangri og annað sem þjónustan nær yfir. Þjónustukaupi skal vera upplýstur um heildarfjölda þeirra einstaklinga sem sækja þjónustu og hlutfall Reykvíkinga. Óskað er eftir kyngreindum gögnum þ.e. upplýsingar um fjölda í þjónustu eftir kyni. Þjónustusali skal skila upplýsingum samkvæmt þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli 4. gr. samnings þessa.

Lokaskýrslu skal skila við lok samningstíma þar sem fram kemur heildarfjöldi þeirra sem sótt hafa þjónustu m.a. ráðgjöf og viðtöl og fræðslustarfsemi. Getið skal um hlutfall Reykvíkinga sem sótt hafa þjónustu og skulu upplýsingar um fjölda þjónustuþega vera kyngreindar.

Eftirlit með framkvæmd þjónustunnar er í formi fyrrnefndra upplýsinga um þjónustuverkefni og með stöðufundum þjónustukaupa og þjónustusala samkvæmt 6. og 7. gr. samnings þessa. Þjónustukaupa er heimilt að gera úttekt á starfseminni hvenær sem er á samningstímanum.

Þjónustusali skal senda þjónustukaupa ársreikning félagsins um leið og hann liggur fyrir. Fyrir 1. maí hvert ár skal þjónustusali leggja fram samantekt um starfsemi liðins árs, sem fram fer á grunni samnings, sbr. 4. gr. samnings þessa. Ársreikningur skal innihalda sundurliðað rekstraryfirlit, þar sem kostnaður við framkvæmd samnings er aðgreindur frá öðrum kostnaði hjá þjónustusala.

8. gr.
Kynningarmál

Þjónustusali skal ávallt birta merki Reykjavíkurborgar í kynningarefni á gildistíma þjónustusamnings þessa.

9. gr.
Þagnarskylda

Varðveita skal með tryggilegum hætti þau gögn er varða persónulega hagi einstaklinga þannig að óviðkomandi aðilar fái ekki aðgang að þeim. Þjónustusali og starfsfólk hans er bundið þagnarskyldu um málefni einstaklinga í samræmi við gildandi lagaákvæði þar að lútandi.

Þagnarskylda helst þó svo að samningi milli aðila ljúki og einnig ef starfsfólk þjónustusala lætur af störfum.

Við störf sín skuldbindur þjónustusali sig til að hlíta skilyrðum varðandi vernd persónuupplýsinga í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

10. gr. Uppsögn

Uppsögn samnings skal vera skrifleg og skal uppsagnarfrestur hefjast fyrsta dag næsta mánaðar eftir að uppsögn berst. Skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir bæði gagnvart þjónustusala og þjónustukaupa.

11. gr. Vanefndir og riftun

Verði uppi ágreiningur milli samningsaðila um efni samnings þessa og/eða telji aðilar samninginn vanefndan af hálfu gagnaðila, skulu samningsaðilar leitast við að jafna ágreining sinn.

Vanefni þjónustusali samningsskyldur sínar samkvæmt samningi þessum, getur þjónustukaupi krafist tafarlausra úrbóta innan hæfilegs tímafrests. Falli þjónusta niður eða skerðist verulega er þjónustukaupa heimilt að fresta greiðslum þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar.

Þjónustusali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift honum fyrirvaralaust. Vanefnd samnings ber þó ávallt að tilkynna gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að bæta úr.

Ef greiðslur til þjónustusala eru notaðar í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur þjónustukaupi sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað. Við endurgreiðsluna bætast hæstu löglegu dráttarvextir Seðlabanka Íslands hverju sinni frá og með þeim degi að liðinn er mánuður frá því að krafa um endurgreiðslu var gerð.

12. gr. Force majeure

Komi upp óviðráðanleg staða vegna ófyrirséðra ytri atvika (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands og hryðjuverka sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

13. gr.

Starfsfólk

Þjónustusali skuldbindur sig til að hlíta ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hvað varðar starfsfólk sitt og aðra er koma að framkvæmd þjónustu.

14. gr.

Ágreiningsmál

Rísi mál út af samningi þessum má bera slíkan ágreining undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

15. gr.

Framsal samnings til þriðja aðila

Samningsaðila er óheimilt að framselja samning þennan til þriðja aðila.

16. gr.

Breytingar á samningi og breyttar forsendur

Samningi þessum verður ekki breytt nema með skriflegu samkomulagi.

17. gr.

Gildistími samnings

Samningurinn er tímabundinn og gildir til frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, xx. maí 2025

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Samtaka um Stígamóta

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri

Drífa Snædal
talskona Stígamóta



Jafnréttisskimun

Netfang

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

Nafn verkefnis/tillögu

Þjónustusamningur Reykjavíkurborgar við Stígamót

Tengiliður

kristjana.gunnarsdottir@reykjavik.is

Svið

VEL

Þjónustupáttur

Kristjana Gunnarsdóttir

Jafnréttisskimun er framkvæmd vegna

Annað

Liggur fyrir fjárhagsáætlun fyrir tillöguna/verkefnið?

Já

Áætlaður kostnaður verkefnis

38.100.000



Reykjavík



Lýsið tillögunni og markmiðum hennar

Lagt er til að þjónustusamningi Reykjavíkurborgar við Stígamót verði fram haldið tímabilið 2025-2027. Markmiðið er að auka lífsgæði þeirra einstaklinga sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi með sjálfsstyrkingu og úrvinnslu.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti?

Já

Lýsið hvernig hugað var að kynja- og jafnréttissjónarmiðum þegar tillagan var undirbúin?

Í samningnum er kveðið á um að þjónustan sé í samræmi við mannréttindastefnu borgarinnar og þjónustan er veitt þolendum að kostnaðarlausu.

Hverjir eru markhópar tillögunnar? Hvaða hópa fólks hefur tillagan áhrif á og hvernig?

Þeir íbúar Reykjavíkur sem hafa verið þolendur kynferðisofbeldis, en tölur Stígamóta gefa til kynna að þar séu konur í meirihluta þolenda og karlar meirihluti geranda. Stígamót veita ráðgjöf, stuðning, fræðslu og upplýsingar til þolenda. Um er að ræða mikilvæga þjónustu fyrir þá einstaklinga sem hafa verið þolendur kynferðisofbeldis en tillagan stuðlar að sá hópur fái fræðslu og stuðning við hæfi. Stígamót standa einnig fyrir vitundarvakningu um birtingarmyndir kynferðisofbeldis og afleiðingar þess, og reyna þannig að knýja fram samfélagslegar breytingar. Tillagan snertir einnig starfsfólk Stígamóta.

Eru til kyngreind gögn um þá hópa?

Að hluta

Hvað segja gögnin?

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2024 kemur m.a. fram: Árið 2024 sóttu 709 einstaklingar viðtöl á Stígamótum, 52,4% þeirra bjuggu á höfuðborgarsvæðinu. Flestir úr þeim hópi nýta sér viðtöl í langan tíma og hafa möguleika á að taka þátt í starfi þeirra sjálfshjálparhópa sem Stígamót sendur fyrir. Fjölmennasti hópur brotþola sem leita til Stígamóta eru konur, eða 83,2%, karlar eru 15% og kynsegin 1,8%. Hlutfall karla sem leituðu var 11,4% árið 2023 og fer því hækkandi. Íslendingar eru 88,6% hópsins sem leitar, blandað þjóðerni er 2,2% og frá öðrum löndum 9,2%. Fram kemur að hlutfallið hefur verið nær óbreytt frá árinu 2008 til 2024. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróuninni í ljósi fjölgunar flóttafólks sem leitað hefur til landsins en búast má við að fjölgi í hópi þeirra sé lítið til þeirra áfalla sem ætla má að fólk hafi upplifað og þá á meðal kynferðislegs ofbeldis. Um 31,% eða 271 einstaklingar sem



leituðu til Stígamóta í fyrsta skipti árið skilgreindu sig með einhverja fötlun. Um 18,5% skilgreinir sig með fötlun en er ekki metinn til örorku vegna hennar, 9,6% segist vera metinn til örorku vegna fötlunar en 3,3% skilgreinir sig með fötlun en ekki er vitað hvort viðkomandi er metinn til örorku vegna hennar.

Hvaða gögnum þyrfti að afla/vera hægt að greina niður á kyn eða aðrar breytur?

Í ársskýrslu Stígamóta koma fram ýmis gögn er lúta að lýðfræði. Mögulega þyrfi að ná fram betri upplýsingum um hlutfall þess fólks sem kemur til landsins sem flóttafólk.

Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og, eftir því sem við á, þá hópa sem eru tilteknir í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar? Vinsamlegast rökstyðjið

Tillagan hefur í heild sinni áhrif á alla íbúa Reykjavíkurborgar sem eru þolendur kynferðislegs ofbeldis, en þolendur eru fjölbreyttur hópur þvert á samfélagið. Stigamót veita einungis þjónustu til þeirra einstaklinga sem orðnir eru 18 ára, en mörg sem til þeirra leyta urðu fyrir kynferðisofbeldi sem börn. Afleiðingar kynferðisofbeldi geta haft víðtæk áhrif á brotþola og geta haft áhrif á virkni fólks í daglegu lífi. Með því að veita viðeigandi þjónustu til að vinna úr áfallinu er unnt að stuðla að velferð og virkni þolenda, sem er samfélaginu öllu til góða.

Vinsamlega veldu hvað af eftirfarandi passar best við niðurstöðu jafnréttisskimunarinnar

Tillagan/Verkefnið hefur jákvæð jafnréttisáhrif

Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?

Nei

Annað?

Upphæð samnings er 12,7 mkr á ári og því 38,1 mkr. yfir samningstímabilið

